

24. árg. 2. tbl. 2015. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Síðumúla 15, 108 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bergrós Kjartansdóttir — vorsidur@asatru.is

Umbrot: Egill Baldursson • Prentun: Prentmet ehf.

Þingblót 25. júní á Þingvöllum



Pingblót Ásatrúarfélagsins verður haldið þórsdag í tíundu viku sumars, eða 25. júní, kl. 18:00 við Lögberg á Þingvöllum.

Allsherjargoði helgar blótið kl. 18:15 og í framhaldi af því fer fram tvöföld goðavígsla. Það eru þau Alda Vala Ásdísardóttir og Sigurður Mar Halldórsson sem hafa undanfarin tvö ár verið í þjálfun, sem taka goðavígslu. Þegar athöfninni lýkur göngum við saman niður á vellina, grillum og gleðjumst saman.

Félagið mun reisa tjaldborg í skjóli furanna á völlum eins og áður og félagið sér um að koma grillaðstöðu í gagnið, sem allir gestir geta nýtt sér að vild. Mælt er með að fólk taki með sér mat sem þarf ekki langan eldunartíma því margir þurfa að nota grillin. Börn fá pylsur í boði félagsins og sungið verður saman og spjallað. Síðast en ekki síst mun svo hin sívinsæla hljómsveit Hrafnagaldur skemmta fram eftir kvöldi.

Eiðstafur goða

*Nefni ég í það vætti, er ég vinn eið að þessum baugi,
að ég er til þess búin(n) að taka við goðorði
með öllum þeim skyldum og kvöðum er því fylgja.
Mun ég styrkja vorn síð, sætta mann og annan,
vanda mál mitt og styrkja menningu vora,
svo og náttúru landsins.*

*Halda lög og hefðir og síðu góða.
Virða landnámssáttmála áa vorra við móður jörð.
Halda frið við huldar verur allar,
landvættir, álfa, dísir, dverga og tröll.*

*Meðan eldur upp brennur,
jörð grær,
mælt barn móður kallar
og móðir mög fæðir,
aldir elda kynda,
skip skríður,
skildir blika,
sól skín,
snæ leggur,
Finnur skríður,*

*fura vex,
valur flýgur
vorlangan dag,
stendur honum byr beinn
undir báða vængi,
himinn hverfist,
heimur er byggður,
vindur þýtur,
vötn til sævar falla,
karlar korni sá.*

Byggt á heimildum úr Staðarhólsbók, Jónsbók og Grettis sögu.



Ljósm. Anabel Moll.

Sumarkomunni fagnað á Norðurlandi

Ásatrúarmenn á Norðurlandi fögnuðu sumarkomunni í heldur hráslagalegu veðri.

Sigurblótið var haldið á Hamarkotstúni á sumardaginn fyrsta og mæting var ljómandi góð. Hátt í 20 manns söfnuðust þarna saman og glöddust yfir bjartari framtíð.

Á myndinni sést Ragnar Elías Ólafsson þveræingagoði, sem búsettur er á Akureyri, helga sigurblótið.

Að blóti loknu var boðið upp á heitt kakó og kleinur, sem mæltist mjög vel fyrir í kuldanum.



Barnagaman Ásatrúarfélagsins er hafið af miklum krafti



Nú geta foreldrar komið með börn sín í Síðumúla 15, kl. 11:00 alla laugardaga og átt með þeim góða samverustund í hópi annarra barna og foreldra. Í hvert skipti mun eitthvað sérstakt vera á döfinni. Einnig er stefnt á að fara í skógarrjóður við Reynisvatn einhvern eða einhverja laugardaga þegar vel viðrar í sumar og njóta útiveru saman, en það verður auglýst nánar á Facebook-síðunni *Barnagaman Ásatrúarfélagsins* og vefsíðu félagsins. Barnagaman mun síðan halda áfram í vetur og verður nánar ákveðið með tímasetningu þegar nær dregur.

Allir foreldrar og börn þeirra eru hjartanlega velkomin og því fleiri foreldrar sem leggja starfinu lið með því mæta og glæða það fjölbreytni, því betra. Þessar stundir á laugardögum eru hugsaðir sem samvera barna og fullorðinna og sameiginlegur leikur, skemmtun og fræðsla.

Tekið hefur verið til í barnaleikföngunum, nýtt keypt og þar er eitthvað fyrir alla, kubbar, leir, pappír og litir, spil, leikir, DVD-myndir og margt, margt fleira fyrir börn á öllum aldri.

Tvær kjarnakonur og mæður hafa yfirumsjón með barnagamni, þær Fjóra Elvan og Svandís Leósdóttir. Þær hafa sýnt mikið frumkvæði og hugarflug og eru þakklátar öllum ábendingum og aðstoð frá öðrum foreldrum. Það er um að gera að hafa samband við þær ef einhver fær góða hugdettu eða á eitthvað í fórum sínum sem gæti skemmt börnunum og frætt þau einhvern laugardaginn.

Kaffi og te fyrir fullorðna og djús fyrir börnin er ávallt á boðstólum, kek og ef til vill eitthvað fleira að maula ef einhver skyldi verða svangur.

Samverustundirnar á laugardögum eru tilvalin afþreying fyrir börn og fullorðna og hafa fengið feikigóðar viðtökur. Foreldrum (og öfum og ömmum) er sérstaklega bent á Facebook-síðuna til að fylgjast með hvað er á döfinni. Svo er bara um að gera að mæta með krakkana til að sýna sig og sjá aðra og taka þátt í hollri og jákvæðri samverustund.

Jóhanna Harðardóttir



Fréttir úr Vesturlandsgoðorði

Á undanförmum misserum hefur starfið hér á Vesturlandi farið vel fram og að venju haldin blót um haust- og vorjafndægur auk landvættablóta 1. desember.

Kæru heiðingjar á Vesturlandi, sem áhuga hafið á blóti við sérstök tilefni eða á góðum stöðum víðar um Vesturlandið, endilega hafið samband. Þó mikið sé um ýmsar athafnir yfir sumartímann er um að gera að finna tíma fyrir fleiri blót, fundi eða samveru í sumar og haust. Gott væri að fá sendar frá ykkur hugmyndir eða tillögur að starfsemi og félagsstarfi á netfangið joninakb@grunnborg.is.

Maður er manns gaman, ykkar heill.

Jónína K. Berg Þórsnessgoði

HAUSTBLÓT Á VESTURLANDI

Haldið verður haustjafndægurblót að venju en staðsetning og tímasetning verður auglýst á vefmiðlum okkar síðar.

Jónína K. Berg Þórsnessgoði

Af hofum, umræðum, tónum og fíflum

Síðla sumars verður boðað til fundar þar sem framtíðarstarf í hofinu verður rætt, forsendur skoðaðar og hugmyndir félagsmanna ræddar.

Það hefur komið á óvart hversu mikill áhugi er erlendis frá um bygginguna og okkur hafa borist fréttir af hópum sem ætla að vitja hofsins „síns“ og helga það á sinn hátt svo hægt sé að leiðrétta rangar áherslur hinna vantrúðuð homma- og lesbíuelskandi Íslendinga.

Harðlínumenn úti í heimi hengja sig í ritið Germaníu eftir Publius Cornelius Tacitus sem var öðrum þræði siðbótarrit gegn hnignun Rómaveldisins. Verkið var ritað átta öldum fyrir landnám Íslands af manni sem var fráleitt norrænnar trúar, en er gjarnan flaggað sem frumheimild þegar illa upplýstir eða innrættir aðilar fantasera um hreinan átrúnað ásatrúarmanna.

Gjarnan er vitnað í 12. kapítula: „Proditores et transfugas arboribus suspendunt, ignavos et imbelles et corpore infames caeno ac palude, iniecta insuper crate, mergunt.“ Í þýðingu Páls Sveinssonar svo: „... svikarar og liðhlaupar eru hengdir í trjám, en skræfur og ragmenni og fúllífismenn eru kæfðir í for og mýrarfenjum, en viðjum kastað yfir.“ Það má þakka fyrir að undirstöðuritið Nornahamarinn, Malleus Maleficarum, útgefið 1487, ráði ekki lengur löggjöf Vesturlanda þegar kemur að gömlum, skrýtnum og sérsinna konum ...

Sem ungur tvítyngdur drengur átti ég stundum erfitt með orð sem stönguðust á í huga mér í málunum tveimur. Eitt slíkt orð var „Hofnarr“. Ég átti ómögulegt með að sætta hugmyndina um hof og hirðfífl sem myndgerðist í glottandi ættingja Ugluspejls utan á þökkum af þeirri vindlategund sem maður föðursystur minnar reykti.

Nú hef ég loks áttað mig á því að hugtakið hofferfíl á yfirgengilega vel við ákveðna manntegund sem hefur mikið haft sig í frammi undanfarið og fyrir mér er það álíka merkingarbært og orðin Ingjaldsfífl, dalafífl, skáldfífl og jötunkeningin fíflmögur.

Það hefur haft ákveðið skemmtanagildi að fylgjast með fáránlegum umræðum sanntrúarmanna um meinta fáfræði, aumingjaskap og ragmennsku okkar Íslendinga og það var sérlega skemmtilegt að sjá undir iljarnar á fjölmörgum þursum á Facebook-síðunni okkar undanfarið. Þegar hópar af þess konar fólki er að melda sig í ferðir til Íslands í meinta endurheimt á hofinu og arfinum verður mér hugsað til orða Danans sem var kynntur fyrir Alfreð Flóka, „séní frá Íslandi“: „Nei, þar setur maður grensuna.“

Hvernig viljum við hafa aðgengi að hofinu?

- Á að leyfa óheftan aðgang?
- Eigum við að hafa skipulagðar kynningar fyrir ferðamenn?
- Ætlum við að selja minjagrip og handverk?

Fylgist með fundarboði á heimasíðunni.

Hilmar Örn Hilmarsson



Hér er teikning af hofi Ásatrúarfélagsins eins og það mun líta út þegar báðum áföngum er lokið. Arkitekt er Magnús Jensson. Framkvæmdir eru hafnar við fyrri áfanga og er áætlað að honum verði lokið haustið 2016. Helgidómurinn er staðsettur vinstra megin á myndinni og tilheyrir hann fyrri áfanga. Svæðið er nú lokað af og þar verða engar athafnir eða blót á næstunni.

Njarðarblót í Hveragerði 26. júlí

Nú líður að árlegu blóti í Suðurlandsgoðorði. Það verður haldið við Fossflöt í Hveragerði sunnudaginn 26. júlí kl. 13:00. Safnast verður saman fyrir framan lystigarðinn, á horni Breiðamerkur og Skólamerkur. Blótið verður helgað Nirði.

Eftir athöfn eru blótsgestir boðnir í kaffi og með því á veitingastaðnum Varmá.

Allir eru velkomnir, félagsmenn sem aðrir.

*Haukur Bragason
Lundarmannagoði
haukur@asatru.is*

Frá lögsögumanni

Vorið lét bíða eftir sér þetta árið en starfsemi félagsins hefur haldið ótrauð áfram og til að mynda var haldið sigurbót á Klambratúni þetta árið þar sem lóð okkar í Öskjuhlíðinni er lokuð vegna framkvæmda við hofið. Fjöldi manns mætti þrátt fyrir norðangarra á þessum fyrsta degi sumars.

Af hofmálum er það að fréttu að arkitektinn Magnús Jensson fór með lögréttu yfir tillögur og samþykktir á hverju rými fyrir sig svo hönnun hofsins að innanverðu hefur nú fengið lögréttusamþykki eftir miklar umræður og vangaveltur, fyrir utan eldstæði í helgidómnum þar sem á eftir að leysa örfá tæknileg mál.

Félagatala okkar skreið yfir 3000 meðlimi nýlega og er það einkar áhugavert því árið 2010 var félagatalan 1500 og hefur því félagafjöldi tvöfaldast á fimm árum. Líkt og félagið hefur áður gefið út er ekkert trúboð stundað en mikil fjölgun hefur hins vegar verið í athöfnum goða og standa þeir í ströngu um þessar mundir að gefa saman hjón, lesa siðmál, nefna börn og stýra útförum. Hef ég heyrt frá kunningjum og vinum sem viðstaddir hafa verið slíkar athafnir hve fallegar þær hafi verið og snert taugar þeirra. Þeim hefur fundist þessi siður henta þeim betur en aðrir, sem gæti skýrt aukinn félagafjölda.

Ég vil minna á þingblót félagsins sem haldið verður á sumarsólstöðum, þórsdag í tíundu viku sumars á Þingvöllum við Öxará, hinum helga þingstað Íslendinga. Þar kom Alþingi saman til forna um það leyti allt til ársins 1798, en við munum koma þar saman og fagna gróðurmagni og hæsta sólargangi.

Sá tími árs er minn uppáhaldstími þegar ávallt er bjart úti og litlu skiptir fyrir mann í náttúrunni hvað klukkan er. Sá tími minnir mig mikið á fyrsta erindið eftir ragnarök í Völuspá. Náttúran er iðandi af lífi er snjó tekur að bráðna, jörðin verður iðjagræn og fuglar fljúga í háloftunum með tilheyrandi fuglasöngi.

Sér hún upp koma
öðru sinni
jörð úr ægi
iðjagræna;
falla fossar,
flýgur örn yfir
sá er á fjalli er fiska veiðir.

Kári Pálsson